

Ed.

536. Breytingartillögur

við frv. til laga um fræðslu barna.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Á eftir 3. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Hvert barn 10 ára að aldri á að geta lesið íslenskt mál skýrt og hiklaust, skrifað alla íslenska bókstafi og einföld orð skýrt og hreinlega og reiknað í hugarum einföld dæmi um efni, sem því eru kunn.
2. Annar liður 3. greinar orðist svo:

Skólanefnd má veita heimild til burtfararprófs börnum, sem eru yngri en 14 ára, ef þau hafa náð samskonar þroska og börn hafa almennt á 14 ára aldri.
3. Í 4. gr. 1. lið bætist við orðið „hljóðvillulaust“ á eftir orðunum „móðurmálið skýrt“.
4. 4. liður 4. gr. orðist svo:

Að geta reiknað fjórar höfuðgreinar reiknings, einskonartölur og tugabrot og flatarmál og rúmmál einföldustu hluta.
5. Á eftir 11. lið 4. greinar bætist svo hljóðandi aths.:

Útlend tungumál má ekki kenna í barnaskólum nema þeim börnum, sem eru orðin vel les, skrifa móðurmálið ritvillulítið og eru vel að sér í íslenskri greiningu.
6. Athugasemdin á eftir 6. gr. orðist svo:

Heimilt er þó skólanefnd að veita undanþágu frá ákvæðum e-liðs í samráði við forstöðumann heimavistar skólans, ef fullvist þykir, að barnið öðlist engu að síður þá þekkingu, sem heimtuð er til fullnaðarprófs.
7. Upphaf annars máls. í ákvæðum til bráðabirgða orðist svo:

Hvert skólahverfi hefir rétt til eins kennara, en kennarafjölgun skal miða við það, að 50 börn á skólaskyldualdri komi á hvern kennara við heimangönguskóla.
8. Á eftir greininni bætist við tvær nýjar málsg.

Heimilt er fræðsluráði, með samþykki kennslumálaráðherra, að ákveða til eins árs í senn, fyrir kaптún og kaupstaði, að skólaskylda skuli gilda þar yfir sumartímam fyrir börn, sem byrjuð eru á skólagöngu, en hafa ekki lokið fullnaðarprófi, ef þau eru iðjulaus á heimilum sínum. Skulu fastir kennarar skólans kenna þeim íþróttir, leikfimi, skógrækt, garðrækt, handavinnu og smíðar, eftir reglugerð, sem samin er af kennslumálaráðuneytinu. Það skal talið fullt starf, ef kennari hefir á þann hátt umsjón með 50 börnum 5 stundir á dag. Enginn kennari má þó taka kaup samanlagt fyrir meira en 44 vikur.

Forstaða og kennsla við heimavistarbarnaskóla skal vera uppsegjanleg með eins árs fyrirvara af hálfu skólanefndar, enda komi samþykki kennslumálaráðherra til.